



Skólaráð

Fundargerð: 09.12.2022

Mættir:

Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri
Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir, fulltrúi kennara
Ragnar Gestsson, fulltrúi kennara
Ósk Unnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Kamilla Hafdís Ketel, fulltrúi nemenda
Kári Þór Steindórsson, fulltrúi nemenda
Helgi Sigurðsson, fulltrúi grenndarsamfélags
Boðuð forföll:
Margrét Drífa Guðmundsdóttir, fulltrúi foreldra
Ragnar Finnur Sigurðsson, fulltrúi foreldra
Fundarritari: Sigrún Helgadóttir, aðstoðarskólastjóri

Dagskrá fundar:

- Starfsáætlun Flóaskóla 2022 – 2023
- Reglur um skólamáltíðir
- Reglur um skólavistun
- Skólapúlsinn – nemendakönnun
- Fjárhagsáætlun 2023
- Húsnæðismál og skólalóð
- Starfsáætlun skólaráðs

1. Starfsáætlun

- Frá því að starfsáætlun var gerð hefur verið gerð breyting á skipulagi á frímínútum nemenda. Nú eru 1.-6. bekkur saman en áður var hópnum skipt.
- Ábending að er ekki Þjósárver lengur félagsheimili og þarf að breyta því í texta.
- Ákveðið að á fjölskyldudögum munu skólareglur verða til umfjöllunar og endurskoðunar, skipulagður verður vinnuhópur með nemendum og foreldrum í þá vinnu. Skipulagið verður rætt nánar á næsta fundi skólaráðs.
- Gunnlaug upplýsir fund um breytingar á samstarfi um Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Framhaldið er óljóst og hafa skólastjórnendur á svæðinu áhyggjur af þróun mála.
- Óveðursáætlun hefur verið endurskoðuð frá því starfsáætlun var unnin og hefur nú verið samþykkt af fræðslunefnd og sveitastjórn. Þeim breytingum hefur verið bætt inn í starfsáætlun.

Starfsáætlun er samþykkt.

2. Reglur um skólamáltíðir

Reglur um skólamáltíðir voru til endurskoðunar í haust og fengu nemendum í nemendaráði þær til umfjöllunar. Sveitastjórn hefur samþykkt nýjar reglur þar sem m.a. er kveðið á um að allir nemendum í skólanum sem þess óska hafa kost á því að fara yfir í Þjósárver og fá morgunhressingu, hafragraut og ávexti. Fundur leggur til að nemendaráð komi að því með stjórnendum að útfæra þetta nýja fyrirkomulag nánar inn í skóladaginn.

3. Frístund

Reglur um Frístund hafa verið endurskoðaðar og voru kynntar á fundinum. Þar er lögð áhersla á að alltaf séu tveir starfsmenn á staðnum til að tryggja öryggi, forföll og annað. Í vetur erum við mjög vel sett með starfsfólk.

4. Skólapúlsinn- Nemendakönnun

Farið yfir helstu niðurstöður og umræður um helstu þætti. Nemendum benda á að það hafi stundum komið upp umræða hjá nemendum að þau ætli ekki að taka fyrirlögn alvarlega. Ákveðið að nemendum 9. og 10. bekk komi að vinnu með niðurstöður könnunnar strax í janúar. Fundur sammála um að það sé góð hugmynd.

5. Fjárhagsáætlun.

- a) Skólastjóri kynnti helstu áherslur sveitastjórnar þar sem lögð er áhersla á að allir lyklar haldi sér óbreyttir. Ekki verði skorið niður varðandi starfsmannahald og tryggt faglegt starf.
- b) Áfram verður haldið að endurnýja nemendastóla. Einnig verður haldið áfram að endurnýja og viðhalda tölvubúnaði nemenda og starfsmanna.
- c) Sagt frá helstu breytingum sem gerðar hafa verið á skólalóð síðustu mánuði.

6. Önnur mál:

- a) Aðstæður í skólabíl: Nemendur segja frá aðstæðum í skólabíl þar sem að bílinn er með bilaða miðstöð svo að bílinn er eins og „frystikista“. Eins leki vatn inn í bílinn og svo yfir nemendur. Einnig er vesen með öryggisbelti í einhverjum bílum. Fundur ákveður að nemendur í samráði við stjórnendur að semji bréf og komi þessum ábendingum til sveitastjórnar að skoða aðstæður í skólabílum.
- b) Fundur vill koma ábendingum til sveitastjórnar að bóka fund með þeirri nefnd sem stofnuð hefur verið um þarfagreiningu fyrir framtíðarhúsnæði við skólann.

7. Mál fyrir næsta fund

- a) Hugmynd að fá sveitunga sem voru hér í skóla á árum áður til að segja frá og nemendur myndu þá vinna með það í framhaldinu á fjölbreyttan máta og tengja við dagskrá fjölskyldudaga.
- b) Skoða þarf viðmiðunarstundarskrá.
- c) Skipulag á kennslu í vali og list- og verkgreinum.

Næsti fundur verður föstudaginn 20. janúar 2023, kl. 8:30

Fundi slitið 09:44